LP

LISTAPÓSTURINN

Ú ú ú Hí hó

Í gamla daga eltist fólk almennt ekki við ástina. Þeir sem voru svo óforsjálir að gera það uppskáru oftar en ekki grimmileg örlög. Fólki var drekkt, það var klofið í herðar niður eða það veslaðist upp í ómegð og gleymdi ástinni á svo skömmum tíma sem núna heita hveitibrauðsdagar. Í þessa daga voru ástarkvæði yfirleitt bundin við holdið eitt eða þau voru lýsing á óförum elskandans í ástarglímunni. Í dag þurfum við blessunarlega ekki að springa úr harmi eða höggva mann og annan. Við höfum ástarlögin sem túlka tilfinningaskalann frá a til ö og nægir að kveikja á útvarpinu eða finna réttu plötuna á fóninn, krossleggja fæturna og stara harmþrungnum augum út í tómið. Meðferðin endurtekst eftir þörfum og einkennin hverfa eins og dögg fyrir sólu og viðkomandi elskhugi getur snúið sér heilshugar að næstu viðureign við Eros. Ástarlagið gæti hljómað til dæmis svona:

Hvar er þráin þaut hún burtu
út í bláinn eða þurfti hún í sturtu
ú ú ú ú híhó

Um daginn sagði eitt ástsælt júróvisíon skáldið okkar að það tæki hann stundum tvö ár að hnoða saman dægurlagatexta. En þá væri líka um sérstaklega góðan texta að ræða. Það var og. En þó að fulltrúi Íslands í ár geti framkallað sársaukagrettur á sannfærandi hátt og titrað í hnjánum líkt og hann sé að brotna saman og sé auk alls þessa alræmdur kvennamaður að eigin sögn er ólíklegt að nokkur geti hrifist með. Það er öllu líklegra að fólk kljúfi hvert annað í herðar niður af tómum leiðindum þegar óskapnaðurinn Nína glymur stöðugt í útvarpinu.

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir

Hérna liggja gífurleg auðævi í óspilltri og hreinni náttúru

Yoko Ono í viðtali um sjálfa sig, listina og Ísland



„Ég sé ekki breytingar á list minni en áhorfendur gætu séð þær. Ég vinn með hugmyndir en eltist ekki við nýjungar," sagði Yoko Ono er Listapósturinn ræddi við hana á Kjarvalsstöðum. Hún var stödd hér á landi til að vera viðstödd opnun sýningar á verkum sínum en hún var einn af frumkvöðlum Fluxushreyfingarinnar. Jafnframt var opnuð yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum á verkum Fluxuslistamanna. Múgur og margmenni þyrptist á Kjarvalsstaði til að berja Yoko Ono augum en hún er orðin hálfgerð goðsagnapersóna í lifanda lífi. Líf hennar hefur einkennst af baráttunni fyrir betri heimi og verk hennar taka einnig mið af því.

Hvaða áhrif hafði uppvöxtur þinn í Japan á þann friðarboðskap sem þú hefur helgað líf þitt?

„Það hafði vissulega mikil áhrif, en þó ég vilji síður en svo afneita rótum mínum þá lít ég fyrst og fremst á mig sem heimsborgara og fyrir mér er það svo miklu meira sem sameinar fólk en sundrar.

Bernska mín einkenndist mjög mikið af flutningum milli Bandaríkjanna og Japan og seinni heimsstyrjöldin var mér því tilfinningalega erfið. Ég átti vini á báðum stöðum og tók því upp varnir fyrir Bandaríkjamenn í Japan og Japana í Bandaríkjunum. Ég bar trúnað og traust til fólksins í báðum þessum löndum og þó að ég væri ekki meðvituð um friðarboðskapinn sem slíkan fann ég sterkt fyrir því að fólk er svo líkt hvar sem rætur þess annars liggja. Á þessum tíma var það dapurleg tilfinning.

Ég bjó í Tókýó og foreldrar mínir voru úr efri millistétt. En í stríðinu var mikill skortur á matvælum og öðrum nauðsynjum og efnahagslegar aðstæður bættu þar ekki mikið úr skák. Ég var fyrst og fremst ung stúlka sem vildi lifa af."

Hvað með kvenfrelsisbaráttu eins og hún er í dag?

„Ég sé enga kvenfrelsisbaráttu í dag. Fyrir því liggja kannski einkum tvær ástæður. Það sem áður var hugmyndafræðileg umræða er meira orðið almenn vitneskja. Núna dafna þessar hugmyndir í fólkinu sjálfu og það er mjög jákvætt og hver og einn verður að taka á vandamálunum þegar þau koma upp. Í öðru lagi var áttundi áratugurinn hræðilegur fyrir konur og kvenfrelsisbarátta varð óhreint orð. Barátta gegn fóstureyðingum og öðrum málum sem höfðu verið í brennidepli kvenfrelsisumræðunnar var í algleymingi.

Nú hafa fóstureyðingar verið mikið hitamál meðal kvenréttindakvenna og þær eru alls ekki einhuga um hvort eigi að leyfa þær:

„Ég held að konur eigi að hafa umráðarétt yfir eigin líkama. Það er heldur ekki hægt að horfa fram hjá mismunandi aðstæðum og ungum aldri. En ég myndi auðvitað vilja sjá heim þar sem fóstureyðingar væru ekki nauðsynlegar."

(Yoko er ekki alveg ókunnug íslenskum stjórnmálamönnum því hún hefur átt orðaskipti við Ólaf Ragnar Grímsson vegna afskipta hans af friðarmálum.) *Á Íslandi bjóða konur fram sérframboð til alþingis. Konur hafa verið í miklum minnihluta meðal þingmanna og þær telja að þetta sé ein leið til að konur fái að njóta sín:*

„Þegar konur reyna að gera eitthvað fyrir konur verða þær að vera meðvitaðar um að það eru tvö kyn í heiminum. Heimurinn er til fyrir bæði kynin og heimsmyndin verður að taka mið af því. Konur ættu ekki bara að heimta heldur gefa. Þær hafa svo mikið gott að gefa. Ég fæ mörg bréf hvaðanæva að úr heiminum og bréf frá íslenskum konum eru mér sérstaklega hugleikin. Ég finn svo margt líkt og ég vil senda íslenskum systrum mínum mínar bestu kveðjur og ég vona að þær skilji hvað þær hafa mikil völd og mikinn styrk. Ég vil þakka ykkur fyrir að vera það sem þið eruð."

Nú ert þú búsett í New York þar sem heimilisleysi er mikið og hefur farið stigvaxandi undanfarin ár og þó sérstaklega í stjórnartíð Reagans. Nú hefur þú sjálf upplifað skort. Hvernig finnst þér að ætti að taka á þessum málum?

„Þegar ég horfi á heimilisleysi hugsa ég ekki bara um hve hræðilegt það sé. Heldur sé ég í krafti reynslu minnar að þetta er vandamál sem ætti að leysa. Gæfan er fallvölt og það á við um alla. Við gætum öll staðið á götunni einn daginn allslaus. Mér finnst of ódýrt að gera forsetann að svörtum sauði og skella skuldinni eingöngu á stjórnvöld. Þetta ræðst að miklu leyti af viðhorfum fólks og þar bera fjölmiðlar einnig ábyrgð. Fjölmiðlafólk býr til heimsmynd fólks og hún er oftar en ekki broguð og á skjön við veruleikann. Ég myndi vilja að það fjármagn sem er notað til hernaðar færi í að byggja upp félagslegt öryggisnet."

Áttirðu von á því að ástandið í Miðausturlöndum myndi efla friðarhreyfingu ungs fólks líkt og Víetnamstríðið á sínum tíma?

„Ég held að ástandið í Miðausturlöndum varði alla heimsbyggðina. Við vorum mörg sem vonuðumst eftir því að þessi mál yrðu leyst á friðsamlegan hátt. Við létum þær óskir í ljós. Það sýndist mögulegt fyrir stríðið. En eftir að stríðið var hafið sýndist tilgangslaust að mótmæla. Ólíkt því sem var áður þá er fólk vel á verði núna. Og fólk er meðvitað um að öll stríð hvar sem er í heiminum hafa áhrif á líf okkar. Það er jákvætt að fólk er orðið meðvitað um nálægð þessara hluta."

Sérðu fyrir þér friðsamlegan heim í framtíðinni?

„Já, við eigum öll eftir að upplifa miklar breytingar. Ég sé heiminn fyrir mér sem líkama og líkt og líkaminn breytir ósjálfrátt um stellingu sé hún óþægileg mun heimurinn gera það líka. Það er bæði til friðar- og stríðsiðnaður og við verðum að efla friðariðnaðinn. Ef við tökum Ísland sem dæmi þá liggja hérna gífurleg auðævi í óspilltri og hreinni náttúru. Og það er fleira líkt með Japan og Íslandi heldur en það að þau eru eyjur og hitt að við sitjum á eldfjöllum. Það er mjög hár meðalaldur fólks í báðum þessum löndum. Heilsan er eitt það dýrmætasta sem við eigum og ég held að það myndi hjálpa fólki mikið ef þið gerðum fleirum kleift að njóta þessarar sérstöðu líka."

Það eru margir á Íslandi sem sjá sér skjótfengnari gróða í stóriðju:

„Allar þjóðir gera skyssur. En ég vona þó að Ísland beri gæfu til að halda hreinleika sínum. Það gengur kannski hægar fyrir sig en ég hugsa að það yrði ábatasamara þegar fram í sækir. Þegar þú hefur eitthvað gott að gefa þiggur fólk það. Þannig breytum við veröldinni."

Pétur Gautur fær lofsamlega dóma hjá erlendum gagnrýnendum

— sýningum lýkur 14. maí

Þó að Pétur Gautur í leikgerð þeirra Þórhildar Þorleifsdóttur og Sigurjóns B. Jóhannssonar hafi ekki hlotið náð fyrir augum íslenskra leikhúsgesta hefur leikgerðin fengið lofsamlega dóma í sænskum og norskum blöðum. Í norskum og sænskum leikdómum segir m.a. að Arnar Jónsson túlki af aðdáunarverðri snilld fall persónunnar frá herramanni með valdsmannslega rödd í gráðugt villdýr.

Þar segir einnig að leikstjórn Þórhildar sé hlýleg og stundum mjög hröð með oft kaldhæðnum undirtóni. Hún hafi fært sér mjög í nyt reynslu sína úr ballettinum og gefi fjöldasenum aga danssýningar og þar sé tröllaball Dofrakonungs hápunktur gróteskunnar, þar sem grísum líkar verur dilli breiðum óhræsislegum rössunum. Tónlist Hjálmars H. Ragnarssonar fær einnig lof og er sviðstónlist hans sögð einföld, fögur og frumleg. Sigurjón Jóhannsson er sagður nýta sér á listrænan hátt möguleika hringhússins og útfærsla hans minni á margan hátt á Gordon Craig menningu 20 áratugarins. Í heild er sýningin sögð sanna að íslenskt leikhús fylgist vel með og varðveiti jafnframt fornar hefðir í meðferð málsins.

Ruglmálaráðuneytið

ÞÓRARINN LEIFSSON

